

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um áform um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-79/2024

Vísað er til áformaskjals sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 11. mars sl. Samtök orkusveitarfélaga (SO) vilja með umsögn þessari benda á valin atriði sem þau telja mikilvægt að fái skoðun við vinnslu frumvarps sem getur mögulega falið í sér heildarendurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun eða eftir atvikum afmarkaðar breytingar á lögnum.

Almennt

Hugmyndafræðina við gerð rammaáætlunar má rekja rúmlega 30 ár aftur í tímann þótt gildandi lög séu frá árinu 2011. Vert er að halda því til haga að lögin voru umdeild og er tilefni til að vísa til ítarlega rökstuddra [umsagna Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) um frumvarp sem varð að lögum nr. 48/2011. Í þeim umsögnum er annars vegar gagnrýnt að í 7. gr. laganna er ákvæði um bindandi áhrif rammaáætlunar og hins vegar er gagnrýnd sú áhersla sem fram kemur í lögnum á að undanskilja tiltekin landsvæði frá málsmeðferð verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Niðurstaða Alþingis á þeim tíma varð málamiðlun sem fól í sér umtalsverða skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Framangreind gagnrýni á í meginatriðum ennþá við. Fullt tilefni er til að starfshópurinn leggi mat á hvort sú skerðing hafi átt nægilegan rétt á sér. Í því sambandi væri vert að afla gagna um hvernig virkjanakostir í rammaáætlun hafa verið teknir inn í aðalskipulag sveitarfélaga og hvort sveitarstjórnir séu almennt sáttar við réttaráhrif laganna.

Almenn afstaða SO er að fullt tilefni sé til þess í upphafi endurskoðunarvinnunnar að byrja með nánast autt blað. Í því felst að farið verði ítarlega yfir þau markmið sem lágu að baki þeirri vegferð að hefja vinnu við rammaáætlun, meta hvort þau eigi ennþá við og leita eftir viðhorfi sveitarfélaga, stofnana og haghafa um þeirra álit á því hvernig lögin hafi reynst í framkvæmd. Jafnframt verði litið til reynslu Norðmanna, sem hafa lagt þetta verklag af, og lagt mat á hvort svipaðar forsendur kunni að eiga við hér á landi.

Ef ætlunin er að vinna áfram með rammaáætlun þarf jafnframt að skoða ítarlega hvernig hægt er að auka skilvirkni laganna og tryggja að það mat sem liggar til grundvallar tillögum verkefnisstjórnar sé nægilega traust og byggt á mati á öllum þáttum sem verkefnisstjórn og faghópum er ætlað að meta.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Sjónarmið varðandi mismunandi orkukosti og útilokun landsvæða frá málsmeðferð

SO vinna nú að gerð umsagnar um frumvarp sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt fram á Alþingi um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (sérstök málsmeðferð vegna vindorku) og tillögu til þingsályktunar um nýtingu vindorku. Vísað er til þeirrar umsagnar varðandi gagnrýni á tiltekin atriði í frumvarpinu.

Útilokun svæða frá málsmeðferð rammaáætlunar

Sérstaklega telur SO óskynsamlegt að setja inn ákvæði sem útiloka að í rammaáætlun verði fjallað um vindorkukosti ef þeir eru staðsettir á svæðum í B-hluta náttúrumínjaskrár eða á svæðum þar sem er að finna menningarminjar.

Algert bann við umfjöllun um slík landsvæði innan rammaáætlunar gengur einfaldlega allt of langt. Áréttar er að í umsögn SO í samráðsgátt var bent á eftirfarandi atriði:

- a. Skráning svæðis á B-hluta náttúrumínjaskrár felur ekki í sér endanlega niðurstöðu um friðlýsingu.
- b. Í í 2. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga er ákvæði sem heimilar ráðherra að setja tímabundið bann við framkvæmdum á svæðum í B-hluta.
- c. Í náttúruverndarlögum eru jafnframt almenn ákvæði sem kveða á um skyldu til þess að forðast rask á náttúrusvæðum nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Sama afstaða á í meginatriðum einnig við um svæði innan marka friðlýstra menningarminja.

Bætt málsmeðferð og gæði gagna frá Orkustofnun

Jákvætt er að í skýringum með umræddu frumvarpi um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er tekið undir ábendingar SO um þörf fyrir úrbætur á málsmeðferð innan rammaáætlunar. Í því sambandi telur SO það vera forgangsmál að sveitarfélög fái upplýsingar um virkjunarkosti sem allra fyrst í ferli rammaáætlunar. Mikil tækifæri eru til að skerpa á stjórnsýsluferlum og bæta gæði gagna sem vísað er til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn.

Verði umrætt frumvarp að lögum er mikilvægt að reglugerð nr. 530/2014 um virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun verði endurskoðuð með hliðsjón af virkjunarkostum í vindorku. Í reglugerðinni er að finna skilgreiningu á þeim gögnum sem fylgja þurfa beiðni um umfjöllun um virkjunarkosti hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar. Í reglugerðinni væri t.d. hægt að skilgreina frekar skilyrði um upplýsingagjöf til sveitarfélaga á fyrstu stigum í umfjöllun um virkjunarkost.

Lokaorð

Stjórn SO lýsir miklum áhuga á að eiga samtal við starfshópinn þar sem tækifæri gæfist til frekari umræðu um málid.